

## REGLUR

### um breytingu á reglum um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri nr. 822/2022.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- Í stað orðanna „skrifstofu rektors“ í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. kemur: rektor.
- Orðin „og setur honum erindisbréf“ í 1. másl. 2. mgr. 3. gr. falla brott.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- Á eftir orðinu „rannsóknaráætlun“ í 1. másl. a-liðar 2. mgr. 5. gr. bætast við orðin: fjárhagsáætlun og.
- Í stað orðsins „hann“ í 2. másl. b-liðar 2. mgr. 5. gr. kemur: hún.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- Á undan orðinu „eða“ í 3. másl. a-liðar 1. mgr. 7. gr. bætist við: og/.
- Í stað orðanna „hafa lokið doktorsprófi“ í 6. másl. a-liðar 1. mgr. 7. gr. kemur: uppfylla ofangreindar kröfur.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglnanna:

- Orðin „á þar til gerðum eyðublöðum“ í 4. másl. 2. mgr. 9. gr. falla brott.

#### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

- Á eftir orðinu „skriflega“ í 1. másl. 2. mgr. 10. gr. bætast við orðin: beiðni um.

#### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglnanna:

3. másl. 1. mgr. 13. gr. „Viðmið eru birt í Handbók doktorsnáms“ fellur brott.

#### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglnanna:

- Orðin „á þar til gerðu eyðublaði“ í 1. másl. 1. mgr. 14. gr. falla brott.

#### 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglnanna:

- Orðin „og a.m.k. annar þeirra við viðurkenndan háskóla erlendis“ í 2. másl. 1. mgr. 15. gr. falla brott.

#### 9. gr.

Reglur þessar sem samþykktar voru í háskólaráði 21. mars 2024 eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri. Reglurnar öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 21. mars 2024.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.